

SAMÞYKKTIR FYRIR HAGSMUNASAMTÖK HESTAMANNA Á KJALARNESI

1. Grein

Félagið heitir Hagsmunasamtök Hestamanna á Kjalarnesi, skammstafað HHK. Félagssvæðið nær milli Kiðafellsár og Leirvogsár innan borgarmarka Reykjavíkur. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

2. Grein

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna í sinni víðtækustu merkingu í tengslum við hestamennsku.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:

- Að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna í málum sem varða sameiginlega hagsmuni þeirra svo sem í skipulags-, landnýtingar- og umferðarmálum m.a. gagnvart ríkisvaldi og sveitarfélögum.
- Að beita sér fyrir því að reiðvegir verði lagðir.
- Að stuðla að því við borgarstjórn að fyrir hendi sé hesthúsahverfi fyrir félagsmenn.
- Stuðla að því að fyrir hendi sé aðstaða til beitar fyrir félagsmenn innan svæðisins.
- Beita sér fyrir því við borgarstjórn og skipulagsyfirvöld á hverjum tíma að umferðarréttur sé tryggður og reiðgötur inni á samþykktu skipulagi.
- Að áningarstöðum sé viðhaldið og þeir greinilega merktir.

3. Grein

Allir sem áhuga hafa á hestamennsku og/eða hagsmunum hestamanna á Kjalarnesi geta gerst félagar. Kjörgengi hafa allir 18 ára og eldri. Félagsgjöld skulu ákveðin af aðalfundi.

4. Grein

Stjórn HHK fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórn félagsins skal skipuð fimm stjórnarmönnum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er til tveggja ára. Skal kjósa tvo stjórnarmenn á jöfnu ártali en þrjá hitt árið. Varamenn skulu vera þrír og kosnir árlega. Stjórn skiptir með sér verkum.

Einnig skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs.

5. Grein

Málefnum félagsins er stjórnað af:

- Aðalfundi
- Stjórn félagsins.

6. Grein

Aðalfund skal halda ár hvert í september, og skal hann boðaður bréflega eða með öðrum sannanlegum hætti með tíu daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í

fundarboði og jafnframt hvaða greinum laganna fyrirhugað er að breyta. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingar sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins og kynnir 8 mán. milliuppgjör.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Árgjald ákveðið.
7. Lagabreytingar.
8. Kosningar samkvæmt 4. grein þessara laga.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

7. Grein

Stjórnin skal boða til almenns fundar ef ákveðnar óskir koma fram þar að lútandi. Fundurinn skal auglýstur og boðaður eins og um aðalfund væri að ræða.

8. Grein

Stjórn er heimilt að stofna nefndir á hverjum tíma eftir því sem þörf krefur. Nefndir samtakanna skulu hafa fullt samráð við stjórnina um mál er varða samtökin og halda gerðabók um störf sín.

9. Grein

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum framkvæmdum þess. Formaður boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Skyld er að halda stjórnarfund ef þrír stjórnarmenn óska þess. Varamenn skulu ávallt boðaðir á stjórnarfundi og skulu þeir hafa tillögurétt og málfrelsi. Stjórnarfundur er lögmætur ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar af formaður eða varaformaður. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín.

10. grein

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum félagsins, annast greiðslur og innheimtu félagsgjalda. Hann skal fyrir aðalfund ár hvert gera eða láta gera reikningsyfirlit um hag félagsins og leggja reikninga þess endurskoðaða fyrir aðalfund til úrskurðar.

Ennfremur skal gjaldkeri félagsins skila reikningsyfirliti fyrir þær nefndir, sem hafa með einhverja fjármuni að gera, og skulu viðkomandi nefndir skila honum reikningsyfirlitum eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

11. grein

Ritari geymir bækur og skjöl félagsins, heldur félagaskrá og ritar gjörðabók á fundum.

12. Grein

Ef leggja á félagið niður getur það einungis gerst á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Eignir félagsins skulu þá renna til/varðveitast hjá.....

SAMÞYKKT Á STOFNFUNDI _____